

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Ásahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur hreppsnefnd Ásahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulagsbreyting, Kálfholt 2, K2, landnr. 165296.

Breytingin felur í sér að í stað 5 smáhýsa á reit F1 verður heimilt að byggja allt að 120 m² hús ætlað til ferðaþjónustu. Svæðið er í samræmi við aðalskipulag Ásahrepps 2010-2022 og er skilgreint sem verslunar- og þjónustusvæði.

Samþykkt af hreppsnefnd Ásahrepps þann 20. febrúar 2019.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 24. júlí 2019.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Rúnar Guðmundsson.

B-deild – Útgáfud.: 8. ágúst 2019